# AUGLÝSING

**um breytingar á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga.**

1. gr.

Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er ákveðið að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 4. mgr. 91. gr. sömu laga verði 2.928 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 450 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. ákvæði 5. mgr. 91. gr. sömu laga, er ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og vátryggingartaka skv. 1.-3. mgr. 92. gr. verði 220 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu vátryggingartaka skv. 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 424/2008, um lögmæltar ökutækjatryggingar, er 404.000 kr. fyrir einstakling og 2.022.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu skv. 3. málsl. 3. mgr. 4. gr. er 101.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga, nr. 258 frá 28. febrúar 2014.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. mars 2015.*

F. h. r.
**Tómas Brynjólfsson.**

*Sóley Ragnarsdóttir.*